

# Ítarefni með



# KAERA, DAGBOK



- Verkefni við nemendabókina
- Ábendingar til kennara

# Ítarefni og ábendingar – Efnisyfirlit

1. Til kennarans .....	3
2. Heima .....	4
3. Í skólanum .....	9
4. Sögustund .....	14
5. Fötin .....	20
6. Í sundi .....	24
7. Í fjörunni .....	29
8. Hjá skólastjóranum .....	35
9. Á bryggjunni .....	40
10. Morgunn og kvöld .....	45
11. Íþróttir .....	51
12. Í búð .....	55
13. Afmæli .....	60
14. Veðrið á Íslandi .....	65
15. Í sveitinni .....	69
16. Veikindi .....	75

# Til kennarans

Verkefni sem hér er að finna eru öll samin út frá námsbókinni *Kæra dagbók* sem er námsefni fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sem eru að hefja íslenskunám. Miðað er við aldurinn 8–11 ára en væntanlega er unnt að nýta námsefnið fyrir aðeins yngri og aðeins eldri nemendur. Gengið er út frá því að nemendur séu orðnir sæmilega vel færir í lestri og skrift á móðurmáli sínu. Fyrir framan hvern kafla er yfirlit yfir ítarefnið sem hér er að finna. Þar eru einnig áherslur og helstu náms- og kennslumarkmið tilgreind.

## Verkefnablöðin

Um er að ræða fasta liði eins og *glósubókina* og verkefni *mynd og orð* þar sem unnið er með myndir er fylgja köflum nemendabókarinnar *Kæra dagbók*. Einnig eru æfingaverkefni sem miða við þann orðaforða sem nemendur hafa verið að kynna og læra að tileinka sér. Ekki er gert ráð fyrir að allir geti nýtt sér glósubækur því orðabækur (Íslenska – annað mál) eru aðeins til fyrir 7–8 erlend tungumál. Nemandi þarf ekki aðeins að hafa orðabók handbæra heldur er færni til að nota hana líka nauðsynleg. Ef slík kunnátta er ekki fyrir hendi en orðabók tiltæk mætti biðja foreldra að aðstoða. Kennarinn gæti aðstoðað við að komast yfir byrjunarörðugleika, til dæmis með því að hafa íslenska stafrófið tiltækt á spjaldi og kenna stafrófsröðina eins og hún er í orðabókum. Nemendur geta glósað fleiri orð en þau sem sett hafa verið á blaðið og glósa má bæði á eigin máli, með teikningum o.s.frv. Hér er t.d. átt við orð í ítarefni og orð sem þeir heyra eða sjá í tengslum við það sem fram fer í bekknum.

## Bókarlausu verkefni

Ábendingar eru um það sem mætti kalla *bókarlausu námsefni*. Það tengist einnig nemendabókinni *Kæra dagbók* þótt hægt sé að nota efnið sjálfstætt í bekknum þar sem nemandi sem er að læra íslensku sem annað mál er að kynna bekkjarfélögum og þeir honum. Bókarlausu verkefni eru bæði spil og leikir af ýmsu tagi en einnig er um að ræða stuttar æfingar eða innlegg í kennslustundir. Ábendingar um þessi verkefni fela ekki í sér að aðeins þau verkefni sem nefnd eru geti átt við hverju sinni – og heldur ekki að þörf sé á að nota öll verkefni sem bent er á.

## Íslenska nýja málið mitt<sup>1</sup>

Ábendingar eru um notkun verkefna í möppunum *Íslenska nýja málið mitt 1* og *2* sem gætu hentað mjög vel samhliða verkefnunum sem fylgja í *Kæra dagbók* og þeim sem fylgja hér með nemendabókinni sem ítarefni. Þessi verkefni gætu til dæmis hentað vel sem heimaverkefni. Þótt bent sé á verkefni á ákveðnum blaðsíðum í möppunum *Íslenska nýja málið mitt* er það engan veginn tæmandi og vafalaust gætu fleiri verkefni hentað, eins er gert ráð fyrir að kennari velji úr þessum möppum það sem best hentar.

## Söguaðferðin

Stuttar ábendingar eru einnig um hvernig unnt væri að tengja námsefnið Söguaðferðinni en með henni mætti án efa gera fyrstu skóladagana og vikurnar ánægjulegar fyrir nýja nemandann og bekkinn í heild.

## Annað námsefni

Ekki er sérstaklega bent á efni sem Námsgagnastofnun hefur gefið út í rafrænu formi en á vef Námsgagnastofnunar er að finna margvíslegt efni sem nýst gæti ef tölva er í skólastofnunni til afnota fyrir nemendur, m.a. tölvudiskurinn *Myndaorðabókin*. Á vefsíðum margra skóla er að finna efni sem hentað getur börnum sem eru að læra íslensku. Á þetta ekki hvað síst við um móttökuskóla fyrir þennan hóp nemenda. Hér mætti einnig nefna **Pictogram-kort** og annað fánlegt myndefni, svo sem Sagnorðaspilið.

<sup>1</sup> Þorgerður Guðmundsdóttir (1994). *Íslenska nýja málið mitt 1*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.  
Hrefna Bina Björnsdóttir og Þorgerður Guðmundsdóttir (1996, 1999). *Íslenska nýja málið mitt 2*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.